

Nr. 46.
16.
nóvbr.

Lög

um

laun sóknarpresta.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1,300 kr. á ári. Þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1,500 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1,700 kr. á ári.

2. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. grein, fær dómkirkjupresturinn í Reykjavík 1,200 kr. á ári. Þá fá og sóknarprestarnir í eptirtöldum prestaköllum, fyrir efiðleika sakir, árlega þá aukabókun, sem nefnd er hjer á eptir við hvert þeirra:

1. Hof í Vopnafirði	150 kr.
2. Kirkjubær í Hróarstungu	200 —
3. Hof í Álptafirði	200 —
4. Þykkvabæjarklaustur	150 —
5. Torfastaðir	200 —
6. Reynivellir	100 —
7. Reykholt	150 —
8. Stafholt	200 —
9. Staðarhraun	150 —
10. Staðarstaður	200 —
11. Staðarhólsþing	150 —
12. Staður á Reykjanesi	200 —
13. Dýrafjörður	200 —
14. Vatnsfjörður	300 —
15. Vellir í Svarfaðardal	200 —
16. Möðruvallaklaustur	150 —
17. Laufás	200 —
18. Háls í Fnjóskadal	300 —
19. Skútustaðir	200 —
20. Skinnastaðir	300 —

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Sognepræsters Lønning.

Nr. 46.
16.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 11

Enhver Sognepræst lønnes med en aarlig Begyndelsesgage af 1,300 Kr. Naar han har opnaaet en højere Embedsalder end en fuld Tredjedel af Landets Sognepræster, erholder han en aarlig Lønning af 1,500 Kr. og naar han har opnaaet en højere Embedsalder end fulde to Tredjedele af Landets Sognepræster, stiger hans Lønning til 1,700 Kr. aarlig.

§ 2.

Foruden den i § 1 fastsatte Lønning, erholder Domkirkepræsten i Reykjavik aarlig 1,200 Kr. Desuden faa Sognepræsterne i efternævne Præstekald, for Besværligheds Skyld, den ved hvert enkelt af dem anførte Extra-Gratifikation:

1. Hof i Vopnafjord	150 Kr
2. Kirkjubær i Hroarstunga	200 —
3. Hof i Altfafjord	200 —
4. Thykkvabærkloster	150 —
5. Torfastadir	200 —
6. Reynivellir	100 —
7. Reykholt	150 —
8. Stafholt	200 —
9. Stadarhraun	150 —
10. Stadarstadur	200 —
11. Stadarholsting	150 —
12. Stadur paa Reykjanæs	200 —
13. Dyrafjord	200 —
14. Vatnsfjord	300 —
15. Vellir i Svarfadardal	200 —
16. Mødruvallakloster	150 —
17. Laufas	200 —
18. Hals i Fnjoskadal	300 —
19. Skutustadir	200 —
20. Skinnastadir	300 —

Nr. 46. Nú batnar eitthvert af nefndum prestaköllum að stórum mun að yfirferð, vegna
 16. aukinna vega, nýrra brúa, af því að byggð á útkjálkum leggst niður, eða af öðrum
 nóvbr. ástæðum, og getur landsstjórnin þá, við næstu prestaskipti, flutt erfiðleikauppbótina, með ráði biskups, yfir á annað erfitt prestakall.

3. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförunum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eptir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfr þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

4. gr.

Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrjetti á því framvegis.

5. gr.

Afgjald eptir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, samkvæmt 1. og 2. gr., undir sjálfum sjer, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár.

6. gr.

Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 2 ár eptir að lög þessi öðlast gildi, fer eptir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eptir skal finna þannig: Jafnskjótt eptir að lög þessi öðlast gildi, skal prestur hver senda prófasti tvíritaða skýrslu um afgjald prestssetursins, að fráskildu íbúðarhúsi, með arði af lóðargjöldum á landi þess, ítökum og prestsmötu, eptir fyrirmynd, er biskup semur, sem og matsgjörð dómkvaddra manna. Skýrsla þessi skal einnig bera með sjer, hverju tekjugreinar þær, sem þar hafa taldar verið, hafi numið, hver um sig, næstu 5 ár á undan.

7. gr.

Þá er skýrslur þær, sem nefndar eru í 6. gr., eru komnar til prófasts, sendir hann landsstjórninni annað eintak þeirra. En stjórnin setur síðan í krónutali — samkvæmt skýrslum þessum — ákvæðisverð á tekjur þær, sem nefndar eru í 5. gr. Skal svo á sama hátt ávalt undirbúa ákvæðisverð í hönd farandi 10 ára tímabils.

Skýrslu um ákvæðisverð þetta í öllum prestaköllum landsins skal birta í Stjórnartíðindunum, þegar er það er ákveðið, og auk þess senda hverjum presti og hverri sóknarnefnd sjerprentun af skýrslunum.

8. gr.

Hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eptirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eptir ráðstöfun stjórnarráðsins. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eptirgjöldunum.

Nr. 46. Lög 16. nóvember um laun sóknarpresta.

Forbedres Befaringen af et af da nævnte Præstekald i høj Grad paa Grund af Nr. 46.
forøgede Vejanlæg, ny Broer, fordi Bygden i Udkanterne nedlægges, eller af andre Grunde, 16.
kan Regeringen ved næstindtrædende Vakance efter Biskoppens Indstilling overføre Novbr.
Besværligheds-Gratifikationen til et andet besværligt Præstekald.

§ 3.

Foruden den i foranstaaende Paragrafer fastsatte Lønning tilkommer enhver Præst Betaling fra Ekstraværk efter den gældende Lovgivning, dog at Betaling for Ekstraværk udførte for Fattiglemmer udredes af Kommunekassen. Præsten opkræver selv Betalingen for Ekstraværk.

§ 4.

Hvor Præsten hidtil har haft en bestemt Præstegaard, beholder han fremdeles Retten til Brugen og Benyttelsen af samme.

§ 5.

Afgift af Præstegaarden, Grundafgifter af dens Jordtilliggende, Indtægter af Servituter, som Præsten selv benytter, og Præstesalærer oppebærer Præsten, forsaavidt de ikke overstige den ham tilkommende Lønning efter §§ 1 og 2, umiddelbart, efter den ved en hvert 10. Aar afholdt Vurderingsforretning for disse Afgifter fastsatte Ansættelsessum.

§ 6.

Disse Afgifters Ansættelsessum for de næste 2 Aar efter denne Lovs Ikrafttræden bestemmes efter den i 1899 foretagne Vurdering; hvorimod Ansættelsessummen for det paafølgende tiaarige Tidsrum udfindes paa følgende Maade: Straks efter denne Lovs Ikrafttræden har enhver Præst til vedkommende Provst at indsende dels en efter et af Biskoppen affattet Skema udfærdiget Beretning in duplo om Afgiften af Præstegaarden (Vaaningshuset fraregnet) tilligemed Indtægten af Grundafgifter af Gaardens Tilliggende, samt af Servituter og Præstesalær, dels en med Hensyn til disse Indtægter efter retslig Udmeldelse foretagen Vurdering. Denne Beretning bør tillige udvise, hvor meget de der ommeldte Indtægtsposter hver for sig have udgjort gennemsnitsvis i de næstforudgaaende 5 Aar.

§ 7.

Efter at de i § 6 nævnte Beretninger ere indkomne til Provsten, indsender han det ene Eksemplar af dem til Regeringen. Denne bestemmer derefter i Kroner — overensstemmende med disse Beretninger — Ansættelsessummen for de i § 5 omhandlede Indtægter. Paa samme Maade forberedes stedse herefter Bestemmelsen af Ansættelsessummen for det kommende ti-aarige Tidsrum.

Fortegnelse over disse Ansættelsessummer for alle Landets Præstekald skal saasnart de ere bestemte, bekendtgøres i Regeringstidenden, hvorhos et Særtryk af Fortegnelsen tilstilles enhver Præst og ethvert Sogneudvalg.

§ 8.

Repstyreren har Opsyn med alt inden hans Rep beliggende Kirkegods med Undtagelse af Præstegaardene og Grundafgifter af samme samt de af Præsten selv benyttede Servituter. Han opkræver Afgifterne af Jordegodset og indbetaler dem inden 3 Maaneder efter Forfaldsdagen til Sysselmanden, der derefter betaler dem efter Ministeriets Anvisning. Repstyreren erholder 6 % af Jordafgifterne i Administrationssalær.

Nr. 46.
16.
nóvbr.

9. gr.

Hreppstjórar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur; þó skal bygging á jörðum því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

Þegar kirkjujarðir eru framvegis byggðar, skal eptirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landstjórnarinnar komi til.

10. gr.

Hreppstjóranum ber að hafa eptirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eptirlit með prestssetrum og úttekt á þeim fer eptir sömu reglum og hingað til.

11. gr.

Jafnóðum og launaákvæði laga þessara koma til framkvæmda í hverju prestakalli fyrir sig, skal fram fara skoðun á öllum þeim kirkjueignum, er hreppstjóri á við að taka eptir 8. gr., og fer skoðun sú fram eptir reglum er stjórnarráðið setur.

12. gr.

Tíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk, er hingað til hefur átt að gjalda sóknarpresti, skal sóknarnefndin innheimta í hverri sókn, og ber því sóknarmönnum að greiða gjöld þessi til hennar. Presti og hreppstjórum, og í kaupstöðum bæjarfógeta, er skylt að láta sóknarnefnd í tje þær skýrslur, er hún þarf að halda á vegna innheimtunnar.

13. gr.

Gjalddagi á preststíundum, offri og lausamannsgjaldi er 31. desember ár hvert. Sami gjalddagi er og á lambsfóðri og dagsverki, sje það eigi innt af hendi í skileyri.

14. gr.

Heimilt er safnaðarmönnum að ákveða það á lögætum safnaðarfundi fyrir eitt ár í senn, að koma skuli niðurjöfnunargjald í stað hinna lögætlu sóknartekna. Sóknarnefndin jafnar gjaldinu niður í október eptir reglum, er samþykktar eru á lögætum safnaðarfundi og staðfestar af prófasti. Presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum er skylt, að láta sóknarnefnd í tje skýrslur þær, er hún þarf að nota í því skyni.

Eindagi gjalds þessa er 31. desbr. Heimilisráðandi hver leggur gjaldið fram fyrir heimilismenn sína, en á rjett til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Gjaldi þessu fylgir lögtaksrjettur.

Nr. 46. Lög 16. nóvember um laun sóknarpresta.

§ 9.

Nr. 46.
16.
Novbr.

Repstyrerne skulle efter de af Ministeriet i saa Henseende fastsatte Regler have Bygseksaadighed over de Kirkejorder, som de have Opsyn med, dog er Bortbygslingen af Jorder kun forsaavidt gyldig, som Sysselmanden har paategnet Bygseksbrevet sit Samtykke.

Naar Kirkejorder for Eftertiden bortbygslles, fastsaettes Afgiften i Penge og Forfaldsdagen til 31. December hvert Aar. Naar et Grundstykke eller en anden Brugsret af Jorden er bortfaestet for en laengere Tid, end at Lejlendingen selv kan benytte samme, skal der fastsaettes en bestemt Lejetid, der ikke maa vaere over 50 Aar, medmindre Talen er om Byggegrunde, hvorhos en saadan Faestekontrakt ikke er fuldgyldig, medmindre Regeringens Samtykke erhverves.

§ 10.

Repstyrerne boer have Indseende med, at Driften af Kirkejorderne er i en god Orden, samt at der ikke frakommer dem noget, som har fulgt dem og boer foelge dem. Han maa ikke taale, at nogen Lejlending lader Hjemmemark eller Eng forfalde, eller at Jorden beskaediges paa anden Maade ved hans Skyld. Han har ogsaa at paase, at Lejlendingen ikke lader Jordens faste Kvilder forjaa eller dens Bygninger forfalde mere end noevndeligt, og Forsommelighed i den ommeldte Henseende paadrager Repstyreren Ansvar. Med Hensyn til Tilsynet med Praestegaarde og disses Udtagt forholdes efter de hidtilgaeldende Regler.

§ 11.

Efterhaanden som denne Lovs Loenningsbestemmelser komme til Anvendelse paa de enkelte Kald, skal der foranstaltes afholdt et Skoen over alt det Kirkegods, som Repstyrerne skal overtage efter § 8, hvilket Skoen skal forejaa efter Regler, som Ministeriet fastsaetter.

§ 12.

Tiende, Offer, Loesemandsafgift, Lammefoder og Dagsarbejde, som hidtil har vaeret at yde til Sognepraesten, har Sogneudvalget at indkraeve i ethvert Kirkesogn, hvorfor det tilkommer Menighedens Medlemmer at indbetale disse Afgifter til dette. Praesten og Repstyrerne og i Koebstaederne Byfogden ere pligtige at meddele Sogneudvalget alle de Oplysninger, som det behoev for Oppeboerslens Skyld.

§ 13.

Forfaldsdag for Praestetiende, Offer og Loesemandsafgift er hvert Aars 31. December; samme Forfaldsdag gaelder for Lammefoder og Dagsarbejde, saafremt det ikke ydes in natura.

§ 14.

Paa et lovligt Menighedsmoede kunne Menighedsmedlemmerne for et Aar ad Gangen bestemme, at en Ligningsskat skal traede i Stedet for de lovhjemlede Sogneindtaegter. Sogneudvalget paaligner Skatten i Oktober Maaned efter de i saa Henseende paa et lovligt Menighedsmoede vedtagne og af Provsten approberede Regler. Praesten og Repstyreren, eller i en Koebstad Byfogden ere pligtig til at meddele de Oplysninger, Sogneudvalget ved Paaligningen tiltraenger.

Den paalignede Afgifts Forfaldsdag er 31. December. Hver Husfader betaler Afgiften for alle de til hans Husstand hoerende Personer med Regresret overfor dem af disse, han ikke er pligtig til at forsoege. Afgiften kan udpaantes.

Nr. 46.
16.
nóvbr.

15. gr.

Fyrir innheimtu á preststíundum, offrum og lausamannsgjaldi fær sóknarnefndin 6% af upphæðinni, en fyrir innheimtu á lambsfóðrum og dagsverkum fær hún 10%. Enda gjöri hún full skil fyrir öllum sóknartekjunum, að frádregnum innheimtulaunum, með því verði, sem ákveðið er í verðlagsskrá.

Innheimtulaun af niðurföfnunargjaldi er 6%.

16. gr.

Sóknarnefnd skal fyrir lok októbermánaðar senda prófasti sundurliðaða skýrslu um sóknartekjurnar eða niðurföfnunargjaldið fyrir yfirstandandi fardagaár og skal skýrslunni fylgja eptirrit af tíundarskýrslu hreppstjórans.

17. gr.

Sóknarnefnd skal gjöra ársreikning, eptir ákveðinni fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups, yfir tekjur þær, er henni ber að innheimta. Reikninginn með fylgiskjöllum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok aprílmánaðar. Ásamt reikningnum skal hann einnig senda í peningum upphæð þá, sem borið hefur að innheimta, eða kvittun sóknarprestisins fyrir því fje, er sóknarnefndin hefur greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd, með allt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann, til að gjöra skil á tilteknum tíma.

18. gr.

Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur, og að full skil sjeu gjörð fyrir fje því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

19. gr.

Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gjörir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

20. gr.

Prófastur hefur umsjón með því, að prestar í prófastsdæmi hans fá laun sín greidd samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sjer samkv. 5. gr. hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurföfnunargjaldi svo miklu sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurföfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur presti það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði samkvæmt 22. gr.

Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sjer, samkv. 5. gr. meiru en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er, til prófasts.

Nr. 46. Lög 16. nóvember um laun sóknarpresta.

§ 15.

For Oppebørsel af Præstetiende, Offer og Løsemandsafgift faar Sogneudvalget 6% af Beløbet, men for Oppebørsel af Lammefoder og Dagsarbejde faar det 10%. Sogneudvalget har at gøre Rede og Rigtighed for samtlige Sogneindtægter, med Fradrag af Oppebørselssalær, efter den i Kapitelstaksten fastsatte Pris.

For Ligningsskatten betales 6% for Oppebørselen.

§ 16.

Inden Udgangen af Oktober Maaned skal Sogneudvalget til Provsten indsende en detailleret Fortegnelse over Sogneindtægterne eller Ligningsskatten for det løbende Fardagaar. Fortegnelsen skal ledsages af en Genpart af Repstyrerens Tiendefortegnelse.

§ 17.

Sogneudvalget bør aflægge et aarligt Regnskab efter et af Ministeriet efter Biskoppens Indstilling affattet Skema for de Indtægter, som det har at indkræve. Regnskabet med Bilag skal Sogneudvalgets Formand indsende til Provsten inden April Maanedes Udgang. Tillige med Regnskabet har han ogsaa at indsende det Beløb, som skulde opkræves, eller Sognepræstens Kvittering for det til ham af Sogneudvalget efter Provstens Anvisning erlagte Beløb.

Provsten kan under en Dagsmulkt af indtil 1 Krone for hvert Medlem af Sogneudvalget tilholde dette at gøre Rede for sine Oppebørsler til fastsat Tid.

§ 18.

Samtlige Medlemmer af Sogneudvalget ere ansvarlige for at Regnskabet er rigtigt, og at der gøres Rede og Rigtighed for det Beløb, som Sogneudvalget har at opkræve.

§ 19.

Provsten reviderer Sogneudvalgenes Regnskaber og gør ved dem de Antegninger, hvortil han finder Anledning. Disse Antegninger sender han til Sogneudvalget, der bør besvare dem uden Ophold. Derefter deciderer Provsten Regnskabet, men vil Sogneudvalget ikke slaa sig tiltaals med den Decision, kan det indanke den til Regeringen, som endelig afgør Sagen. Ligeledes kan Regeringen af egen Drift forandre Provstens Decision.

Regnskaberne for Sogneindtægterne i hvert Provsti skulle indsendes til Regeringen.

§ 20.

Provsten har Tilsyn med, at Præsterne i hans Provsti faar deres Løn betalt overensstemmende med denne Lov.

§ 21.

Hvor de Indtægter, Præsten oppebærer umiddelbart i Henhold til § 5, ikke forslaa til fuld Dækning af den ham tilkommende Lønning, anviser Provsten ham det manglende af Præstekaldets Sogneindtægter eller Ligningsskat. Hvis disse Indtægter heller ikke forslaar, betaler Provsten ham det endnu manglende af det Beløb, der anvises ham af Præstelønningsfonden overensstemmende med § 22.

Hvis de Indtægter, som Præsten efter § 5 oppebærer umiddelbart, overstige hans Løn, saa indbetaler han det overskydende til Provsten inden Fardag.

Nr. 46. Lov af 16. November om Sognepræsters Lønning.

Nr. 46.

16.
nóvbr.

22. gr.

Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sjer, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

23. gr.

Prófastur skal gjöra ársreikning fyrir hvert fardagár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefur haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgiskjöllum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn.

24. gr.

Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. Eptirgjald af fasteignum prestakallanna, arður af ítökum og prestsmata.
2. Sóknartekjur, þ. e.: preststíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk eða niðurjöfnunargjald.
3. Vextir af innstæðufje eða peningum prestakallanna.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fje það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eptirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

25. gr.

Landsstjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gjörir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eptir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eptir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eptir eldri reglunum, eða eptir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum. Sama er og þótt presturinn gangi ekki að breytingunni, ef hann er orðinn 60 ára að aldri.

Uppbætur sökum erfíðleika veitast að eins í þeim brauðum, þar sem sú skipun er komin á, sem hin nýju lög um skipun prestakalla mæla fyrir um, enda taki presturinn þar að öðru leyti laun sín eptir þessum lögum.

Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eptir eldri ákvæðum, en óskar þó að verða leystur frá innheimtu á sóknartekjunum, er sóknarnefndum skylt að taka þessa innheimtu að sjer eptir 12.—19. gr. laga þessara.

§ 22.

Provsten indsender aarlig inden Slutningen af November Maaned til Regeringen Beretninger om de Indtægter, Præsterne i hans Provsti oppebære umiddelbart, samt om Sogneindtægterne eller Ligningsskatten i det Aar, hvorefter Regeringen inden Aarets Udgang af Præstelønningsfonden udbetaler Provsten det Beløb, som i Henhold til Beretningerne udkræves, for at Præsterne kan faa fuld Dækning af deres Lønninger for det løbende Fardagaar.

§ 23.

Provsten affatter Regnskab for hvert Fardagaar over de af ham for Præstelønningsfonden besørgede Ind- og Udbetalinger, hvilket Regnskab med Bilag derefter tilstilles Regeringen til Decision.

§ 24.

Præstelønningsfonden har følgende Indtægter:

1. Afgifter af de Præstekaldene tilhørende faste Ejendomme, Indtægt af Servituter og Præstesalær;
2. Sogneindtægter, d. e. Præstetiender, Offer, Løsemandsafgift, Lammefoder og Dagsarbejder eller Ligningsskatten;
3. Renter af de Præstekaldene tilhørende Kapitaler eller Penge;
4. Bidrag af Landskassen, idet denne tilskylder, hvad der maatte mangle i, at Præsterne og Provsterne kan faa deres Lønning og Præsterne tillige deres Pensioner fuldt ud dækkede af Fondens andre Indtægter;
5. Bøder ifølge denne Lov.

§ 25.

Bestyrelsen af Præstelønningsfonden varetages af Regeringen, som aflægger aarligt Regnskab for dens Indtægter og Udgifter og derefter bekendtgør Regnskabet i Regeringstidenden.

§ 26.

Nærværende Lov træder i Kraft den 6. Juni 1908 saaledes at enhver, som fra den Dag eller senere bliver kaldet til et Præstekald, erholder Lønning efter denne Lov. Præsterne i de Præstekald, hvor Loven om Omordning af Præstekald ikke bevirker nogen Forandring i Ordningen af Kirkesognene, kunne vælge imellem at modtage Lønning efter de ældre Regler eller efter denne Lov. Det samme gælder om Præsterne i de Præstekald, hvor der er Lejlighed til at iværksætte de i Loven foreskrevne Forandringer og Præsten gaar ind paa disse Forandringer. Det samme gælder, selv om Præsten ikke gaar ind paa Forandringen, naar han er over 60 Aar gammel.

Tilskud paa Grund af Besværlighed tilstaaes kun de Præstekald, hvor den i den nye Lov om Omordning af Præstekald foreskrevne Ordning er gennemført, og saafremt vedkommende Præst iøvrigt modtager sin Lønning efter denne Lov.

Hvor en Præst vedbliver at modtage Lønning efter de ældre Bestemmelser, men dog ønsker at befries for Opkrævningen af Sogneindtægterne, ere Sogneudvalgene pligtige til at overtage denne Oppebørsel efter Lovens §§ 12—19.

Nr. 46. Um borgun fyrir bráðabirgðapjónustu prestakalla fer eptir hinum almennu
16. reglum um laun settra embættismanna, miðað við byrjunarlaun.
nóvbr. Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, eru öll lagaákvæði, er koma kynnu
í bága við þau, úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Med Hensyn til Betaling for midlertidig Betjening af Præstekald forholdes ^{Nr. 46.}
 efter de almindelige Regler om konstituerede Embedsmænds Lønninger beregnet efter ^{16.}
 Begyndelsesgagen. ^{Novbr.}

Naar denne Lov er iværksat ere alle Lovbestemmelser, som maatte komme
 i Strid med samme, satte ud af Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.